

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	2
2	Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu	3
	2.1 Hugtakið og 71. gr. stjórnarskrárinnar	3
	2.2 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins	4
	2.2.1 Almennt um Barnasáttmálann	4
	2.2.2 Friðhelgi einkalífs barna samkvæmt Barnasáttmálanum	5
3	Takmarkanir á friðhelgi einkalífs barna	6
	3.1 Inngangur	6
	3.2 Tjáningarfrelsi	7
	3.2.1 73. gr. stjórnarskrárinnar	7
	3.2.2 Tjáningarfrelsið og friðhelgi einkalífs	7
	3.3 Forsjá og hlutverk foreldra	9
	3.3.1 Almennt um forsjá foreldra	9
	3.3.2 Forsjá foreldra og friðhelgi einkalífs barna	11
4	Samfélagsmiðlar og fjölmiðlaréttur	13
	4.1 Inngangur	13
	4.2 Samfélagsmiðlar	13
	4.3 Fjölmiðlaréttur	14
5	Myndbirtingar og birting upplýsinga um börn á samfélagsmiðlum	17
6	Lokaorð	23
	Heimildaskrá	27

1 Inngangur

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu hefur lengi talist til mannréttinda og er jafnframt í hópi grundvallarmannréttinda hvers einstaklings. Þrátt fyrir það er ekki langt síðan menn fóru að huga að friðhelgi einkalífs barna en áherslan á mannréttindi þeirra hefur verið að aukast. Í því sambandi má nefna að ýmsir samningar hafa verið gerðir á alþjóðlegum vettvangi til að tryggja réttindi barna. Þar ber helst að nefna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (hér eftir Barnasáttmálinn) frá árinu 1989¹ en hann er sá eini, á alþjóðlegum vettvangi, sem fjallar einungis um börn.² Þess má geta að samningurinn hefur verið lögfestur hér á landi með lögum nr. 19/2013.

Í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir stjkskr.) segir að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í 2. og 3. mgr. koma fram takmarkanir sem heimilt er að gera á þessum réttindum að ákveðnum þröngum skilyrðum uppfylltum.³ Umrætt ákvæði hefur verið í stjórnskipunarlögum frá 1874, þ.e. frá því að Íslendingar fengu sína fyrstu stjórnarskrá. Inntak ákvæðisins hefur þó tekið breytingum og rýmkað til muna, t.a.m. er nú talið að 71. gr. stjkskr. verndi friðhelgi einkalífs barna sem og fullorðinna einstaklinga.

Samfélagsmiðlar á borð við Facebook og Twitter skutu upp kollinum í byrjun 21. aldar og hafa ótal rafrænir miðlar orðið til síðan þá. Vegna þeirrar öru þróunar sem orðið hefur á tækninni á undanförunum árum og áratugum hafa vaknað spurningar um friðhelgi einkalífs og hvort réttur einstaklinga sé nægilega tryggður á þessu sviði enda er ýmis konar myndum og upplýsingum deilt á samfélagsmiðlum daglega sem munu koma til með að vera þar til frambúðar.

Í ritgerðinni verður leitast við að svara ýmsum þeim spurningum sem vakna um myndbirtingar og birtingu upplýsinga um börn á samfélagsmiðlum. Í fyrsta lagi hvaða réttarstöðu börn hafa þegar foreldrar eða aðrir greina frá einkamálefnum þeirra á samfélagsmiðlum. Í öðru lagi verður reynt að svara þeirri spurningu hvort friðhelgi einkalífs barna njóti nægilegrar verndar samkvæmt íslenskum lögum. Framangreind álitæfni verða skoðuð með tilliti til friðhelgi einkalífs barna, með hliðsjón af forsjá og hlutverki foreldra og að lokum með hliðsjón af tjáningarfrelsinu sem nýtur verndar 73. gr. stjkskr. Samspil tveggja stjórnarskrárvarinna réttinda, þ.e. friðhelgi einkalífs barna og tjáningarfrelsis foreldra, verður sérstaklega skoðað vegna þess að foreldrar hafa aðgang að persónulegum upplýsingum um

¹ Þórhildur Línadal: *Barnasáttmálinn*, bls. 6.

² Þskj. 155, 141. lögþ. 2012-13, bls. 30 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

³ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 535.

börn sín sem aðrir hafa alla jafna ekki. Einnig verður leitast við að svara því hvort birting viðkvæmra málefna barna, á samfélagsmiðlum, brjóti gegn réttindum þeirra og hvort það sé yfirhöfuð heimilt að birta þar efni um þau, án þeirra leyfis.

2 Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu

2.1 Hugtakið og 71. gr. stjórnarskrárinnar

Hugtakið *friðhelgi einkalífs* er hvergi skilgreint í lögum⁴ en í athugasemdum þeim er fylgdu greinargerð með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 segir að í friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu felist aðallega rétturinn til að ráða yfir eigin lífi og líkama og til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi.⁵ Í friðhelgi einkalífs felst því réttur hvers og eins til að hafa aðgang að persónulegum eða persónugreinanlegum upplýsingum er varða hann sjálfan og að aðrir hafi ekki aðgang að slíkum upplýsingum.⁶ Á ýmsum öðrum stöðum má þó finna skilgreiningu hugtaksins *friðhelgi einkalífs*. Í Lögfræðiorðabók segir að í hugtakinu felist réttur „til friðhelgi fjölskyldu, heimilis og allra tjáskipta. Undir það fellur m.a. réttur til að einkamálefni séu ekki gerð opinber [...]”⁷ Með einkamálefnum er átt við málefni sem tengjast mjög náið persónu manna og tilfinningalífi, m.a. varðandi heimilislíf, fjölskyldulíf og hrein persónumálefni.⁸ Hugtakið *friðhelgi* er skilgreint í Íslensku orðabókinni, sem ritstýrð var af Merði Árnasyni, á eftirfarandi hátt: „réttur (einstaklings) til að vera laus við utanaðkomandi afskipti eða ónæði.”⁹ Í Lögfræðiorðabók er hugtakið *einkalíf* skilgreint sem „persónulegt líferni manna.”¹⁰ Þessi skilgreining er ekki lýsandi en hafa verður í huga að hugtakið er afar víðtækt og því erfitt að setja fram greinargóða skilgreiningu. Þess má þó geta að hugtakið nær ekki aðeins til persónulegra málefna einstaklings heldur einnig til heimilis- og fjölskyldulífs.¹¹

Í 71. gr. núgildandi stjórnarskrár er friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu veitt vernd og tekið fram að allir skuli njóta slíkrar friðhelgi. Börn falla hér undir enda er talað um að allir skuli njóta friðhelgi samkvæmt ákvæðinu.¹² Í 2. og 3. mgr. koma síðan fram takmarkanir sem

⁴ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 102.

⁵ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2099.

⁶ Gunnar G. Schram: *Stjórnarskipunarréttur*, bls. 538.

⁷ *Lögfræðiorðabók*, bls. 147.

⁸ *Lögfræðiorðabók*, bls. 99.

⁹ *Íslensk orðabók*, bls. 264.

¹⁰ *Lögfræðiorðabók*, bls. 99.

¹¹ Gunnar G. Schram: *Stjórnarskipunarréttur*, bls. 536-537. Sjá einnig *Lögfræðiorðabók*, bls. 99.

¹² Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn*, bls. 33.

heimilt er að gera að ákveðnum þröngum skilyrðum fullnægðum.¹³ Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu nýtur einnig verndar á alþjóðlegum vettvangi, svo sem í 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir MSE), sbr. lög nr. 62/1994, og í 17. gr. Alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (hér eftir SBSR).¹⁴

Í ljósi þess að bæði ríkisvaldið og einstaklingar geta brotið gegn þeim réttindum sem njóta verndar 71. gr. stjkskr., hefur sú skylda verið lögð á löggjafann að setja lagareglur sem ætlað er að vernda borgarana í innbyrðis samskiptum þeirra.¹⁵ Sem dæmi má nefna að friðhelgi einkalífs nýtur sérstakrar refsiverndar í XXV. kafla hgl.¹⁶ Í 229. gr. laganna segir að hver sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður standi til, er réttlæti verknaðinn, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.¹⁷

Erfitt getur reynst að finna jafnvægið á milli friðhelgi einkalífs og annarra stjórnarskrárvarinna réttinda, svo sem tjáningarfrelsis annarra einstaklinga sem verndað er í 73. gr. stjkskr. Þegar upp koma álitamál af þessum toga verður að meta í hvert skipti fyrir sig, hvort vegi þyngra, hagsmunir einstaklings að njóta friðar um einkahagi sína og mannorð eða nauðsyn þess að halda uppi frjálstri lýðræðislegri umræðu um málefni sem varða almenning.¹⁸

2.2 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

2.2.1 *Almennt um Barnasáttmálann*

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálinn eins og hann er jafnan nefndur, var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember árið 1989 en rætur hans má rekja til tveggja alþjóðlegra yfirlýsinga.¹⁹ Hann er alþjóðlegur mannréttindasamningur sem öll ríki heims hafa fullgilt að undanskildum Bandaríkjunum.²⁰ Samningurinn hefur verið fullgiltur hér á landi en í því felst að Ísland er skuldbundið að þjóðarrétti að framfylgja ákvæðum hans.²¹ Auk þess hefur samningurinn verið lögfestur af

¹³ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 535.

¹⁴ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 535.

¹⁵ *Skýrsla stjórnlaganefndar*, 2. bindi, bls. 191.

¹⁶ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 537.

¹⁷ Sjá einnig *Lögfræðiorðabók*, bls. 99 og 147.

¹⁸ *Skýrsla stjórnlaganefndar*, 2. bindi, bls. 191.

¹⁹ Yfirlýsing Þjóðabandalagsins um réttindi barnsins frá árinu 1924 og yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá árinu 1959, sbr. Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn*, bls. 6. Hvorugar þessara yfirlýsinga voru bindandi að þjóðarrétti, sbr. „Um Barnasáttmálann”, <http://www.barnasattmali.is/>.

²⁰ Bandaríkin hafa þó skrifað undir samninginn, sbr. Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn*, bls. 6. Sómalía fullgilti samninginn þann 2. október árið 2015, sbr. „Joint statement on Somalia’s ratification of the Convention on the Rights of the Child”, <http://www.unicef.org/>.

²¹ Þórhildur Líndal: „Barnasáttmálinn - að mörgu að hyggja“, bls. 73.

okkar hálfu en það var gert með lögum nr. 19/2013.²² Í því felst að hægt er að beita ákvæðum Barnasáttmálans fyrir dómstólum landsins þar sem að samningurinn hefur gildi settra laga.²³

Í Barnasáttmálanum felst alþjóðleg viðurkenning á að börn séu viðkvæmur hópur einstaklinga sem þarfnist sérstakrar verndar²⁴ og að réttinda þeirra hafi ekki verið nægilega gætt fram að gerð hans.²⁵ Með samþykkt hans voru réttindi barna í fyrsta sinn bundin í alþjóðalög.²⁶ Hann var gerður með það í huga að veita börnum sérstaka vernd og umönnun enda eru þau jafnan viðkvæmari og berskjaldaðri en fullorðnir einstaklingar.²⁷ Með honum hafa aðildarríki Sameinuðu þjóðanna einnig viðurkennt að börn séu einstaklingar með sjálfstæð réttindi sem eru óháð réttindum hinna fullorðnu.²⁸

Þórhildur Líndal lýsir Barnasáttmálanum á eftirfarandi hátt í ritinu *Barnasáttmálinn* sem gefið var út af UNICEF á Íslandi árið 2007:

„Barnasáttmálinn er alþjóðlegur samningur sem viðurkennir mannréttindi barna. Hann lögfestir þá skyldu aðildarríkja að tryggja að hvert barn, án nokkurrar mismununar, njóti sérstakrar verndar og umönnunar, að það geti að fullu þroskað hæfileika sína og getu, vaxi úr grasi við ást, skilning og hamingju og sé upplýst um og taki þátt í að móta málefni sem það varða.“²⁹

2.2.2 Friðhelgi einkalífs barna samkvæmt Barnasáttmálanum

Tiltekin grundvallarmannréttindi barna eru vernduð í Barnasáttmálanum, t.a.m. rétturinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsi. Í því skyni að tryggja velferð barna leggur samningurinn jafnframt tilteknar skyldur á aðildarríkin.³⁰

Í 16. gr. Barnasáttmálans er fjallað um friðhelgi fjölskyldu og einkalífs. Þar kemur fram að öll börn eigi rétt á lagavernd gegn gerræðislegum eða ólögætum afskiptum af einkalífi þess, fjölskyldu, heimili, bréfum og gegn árásum á sæmd eða mannorð þess.³¹ Samkvæmt ákvæðinu ber því að vernda einkalíf barnsins við allar kringumstæður, hvort sem það er innan

²² Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd þann 26. janúar árið 1990. Tveimur árum síðar, þann 13. maí, samþykkti Alþingi þingsályktun á þá leið að samningurinn skyldi fullgiltur hér á landi. Hann öðlaðist síðan formlega gildi þann 27. nóvember 1992 og var að lokum lögfestur 20. febrúar árið 2013, sbr. Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn*, bls. 6 og „Barnasáttmálinn á Íslandi”, <https://www.barn.is/barnasattmalinn>.

²³ „Barnasáttmálinn”, <http://www.barnaheill.is/Umsamtokin>.

²⁴ „Barnasáttmálinn”, <http://www.barnaheill.is/Umsamtokin>.

²⁵ „Hvað felst í Barnasáttmálanum?”, <https://www.barn.is/barnasattmalinn>.

²⁶ Í samningnum eru réttindi barna skilgreind sem mannréttindi og kallast óhjákvæmilega á við mörg ákvæði í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem er frá 1948. Sjá Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn*, bls. 6.

²⁷ Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn*, bls. 6.

²⁸ „Hvað felst í Barnasáttmálanum?”, <https://www.barn.is/barnasattmalinn>.

²⁹ Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn*, bls. 6.

³⁰ „Hvað felst í Barnasáttmálanum?”, <https://www.barn.is/barnasattmalinn>.

³¹ Þórhildur Líndal: *Barnasáttmálinn*, bls. 32.

fjölskyldunnar, á samfélagsmiðlum eða annars staðar þar sem þau þurfa vernd.³² Rétturinn til friðhelgi einkalífs nýtur einnig verndar í 8. gr. MSE og 17. gr. SBSR en þar eru ákvæðin orðuð með svipuðum hætti og í Barnasáttmálanum.³³

Ákvæðið í 16. gr. Barnasáttmálans nær til allra barna en álitamál getur verið hvaða einstaklingar falli þar undir. Sáttmálinn sker hins vegar úr um það en samkvæmt 1. gr. hans, sbr. lög nr. 19/2013, er barn hver sá einstaklingur sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Hugtakið *barn* er einnig skilgreint í 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 (hér eftir bvl.) en þar segir að með hugtakinu sé átt við einstaklinga yngri en 18 ára. Skilgreining bvl. er að meginstefnu til í samræmi við þær skilgreiningar sem er að finna í núgildandi löggjöf. Barnasáttmálinn miðar því við sama aldur og löggjöf hér á landi nema einstaklingur nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt þeim lögum sem hann lýtur.³⁴ Skilgreiningu á hugtakinu *barn* má einnig finna í 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 (hér eftir lögrl.) en þar segir að menn verði lögráða við 18 ára aldur. Með lögráða er átt við að einstaklingur sé bæði sjálf- og fjárráða. Að lokum má nefna barnalög nr. 76/2003 (hér eftir bl.) en þar er í 61. gr. fjallað um lok framfærsluskyldu foreldra. Þar segir nánar tiltekið í 1. mgr. að framfærsluskyldu foreldra ljúki við 18 ára aldur barns. Hugtakið *barn* er hins vegar ekki berum orðum skilgreint í barnalögum.³⁵ Af framangreindu er ljóst að við 18 ára aldur telst einstaklingur ekki lengur barn í skilningi laga.

3 Takmarkanir á friðhelgi einkalífs barna

3.1 Inngangur

Sem fyrr segir njóta börn verndar 71. gr. stjkskr. sem kveður á um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í þeirri réttarvernd felst að börn eiga rétt á að einkamálefni þeirra séu ekki gerð opinber en þó verður að hafa í huga að takmarkanir kunna að vera gerðar á friðhelgi einkalífs vegna réttinda annarra í samræmi við 2. og 3. mgr. 71. gr. stjkskr.³⁶ Til slíks þarf lagaheimild eða eftir atvikum dómsúrskurð, allt eftir því hvers eðlis takmörkun er. Friðhelgi einkalífs barna kann því að takmarkast af tjáningarfrelsi foreldra, og annarra, sem verndað er í 73. gr. stjkskr. Einnig kann rétturinn að takmarkast af forsjárskyldum og hlutverki foreldra sem aðal umönnunar- og verndaraðilum barna.

³² Þórhildur Línadal: *Barnasáttmálinn*, bls. 32.

³³ Þórhildur Línadal: *Barnasáttmálinn*, bls. 32.

³⁴ Alþt. 2001-02, A-deild, bls. 1810.

³⁵ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 69.

³⁶ *Lögfræðiorðabók*, bls. 147.

3.2 Tjáningarfrelsi

3.2.1 73. gr. stjórnarskrárinnar

Skoðana- og tjáningarfrelsi nýtur verndar 73. gr. stjkskr. en þar segir að allir séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Í 2. mgr. er rétti manns til að láta í ljós hugsanir sínar lýst en jafnframt tekið fram að menn verði að ábyrgjast þær fyrir dómi.³⁷ Í 3. mgr. er fjallað um takmarkanir sem gera má á tjáningarfrelsinu. Þar segir að tjáningarfrelsinu megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

Með tjáningarfrelsi er átt við lögvarið frelsi til að tjá sig.³⁸ Slíkt frelsi til tjáningar er afar mikilvægt m.t.t. einstaklingshagsmuna en ekki síst vegna þjóðfélagslegra hagsmuna enda er tjáningarfrelsið forsenda þess að fram geti farið frjáls umræða og opinber skoðanaskipti.³⁹ Af þeim sökum hefur tjáningarfrelsið verið talið einn af hornsteinum hvers lýðræðisþjóðfélags. Þrátt fyrir mikilvægi þess verður ekki komist hjá því að setja því ákveðnar skorður vegna hagsmuna og réttinda annarra.⁴⁰

3.2.2 Tjáningarfrelsið og friðhelgi einkalífs

Rétturinn til friðhelgi einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar skarast oft á tíðum en bæði réttindin eru stjórnarskrárvarin og því jafnréttá hvað varðar réttthæð réttarheimilda.⁴¹ Það kemur síðan í hlut dómstóla að meta hverju sinni, hvort vegi þyngra, friðhelgi einkalífs eða tjáningarfrelsið.⁴² Við það mat skiptir einkum máli í hvaða samhengi ummæli eru sett fram, eðli þeirra og tilgangur og á hvaða vettvangi tjáningin fer fram.⁴³

Af 2. mgr. 73. gr. stjkskr. leiðir að menn geta ekki tjáð hugsanir sínar ábyrgðarlaust og heimilt er að takmarka tjáningarfrelsið eftir að tjáning hefur átt sér stað.⁴⁴ Þremur meginskilyrðum verður hins vegar að vera fullnægt svo heimilt sé að setja tjáningarfrelsinu skorður. Í fyrsta lagi verður heimild til takmörkunar að vera í lögum. Í öðru lagi verða markmið hennar að vera eitthvert þeirra atriða sem talin eru upp í 3. mgr. 73. gr. stjkskr., þ.e. í

³⁷ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 347.

³⁸ *Lögfræðiorðabók*, bls. 438.

³⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 347.

⁴⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 347.

⁴¹ Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 78.

⁴² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 377.

⁴³ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 377-378.

⁴⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 370-371.

þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Að lokum verður takmörkun að vera nauðsynleg og samrýmast lýðræðishefðum.⁴⁵ Hún má því ekki ganga of langt miðað við þá hagsmuni sem verið er að vernda hverju sinni.⁴⁶ Í framkvæmd eru það aðallega réttindi og mannorð annarra sem takmarka tjáningarfrelsið en þar undir fellur t.d. rétturinn til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.⁴⁷ Við mat á því hvort heimilt sé að setja tjáningarfrelsinu skorður vegna réttinda eða mannorðs annarra, skiptir m.a. máli hvort upplýsingar þær, sem gefnar eru um einkahagi annarra á opinberum vettvangi, eigi erindi til almennings.⁴⁸ Í þessu samhengi þarf því að skera úr um hvað falli undir hugtakið *einkahagi* og hvað eigi erindi til almennings en ógerlegt er að lista upp öll þau atriði sem telja má til einkamálefna enda er hugtakið afar opið og matskennt. Ætla má að það fari eftir tíðaranda og mati dómstóla hverju sinni hvað falli þar undir. Samkvæmt Lögfræðiorðabók eru einkamálefni þau málefni sem tengjast mjög persónu manna og tilfinningalífi, m.a. varðandi heimili- og fjölskyldulíf og hrein persónumálefni einstaklings.⁴⁹ Framangreind skilgreining er ekki lýsandi en þó víðtæk og má því ætla að persónuupplýsingar, svo sem heilsufarsupplýsingar og viðkvæmar myndir falli þar undir. Síðarnefnda atriðið, þ.e. hvað eigi erindi til almennings, er matskennt en af dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu má ráða að mörk leyfilegrar tjáningar um einkahagi annarra ráðist mjög af því að hverjum tjáningin beinist.⁵⁰ Dómstóllinn hefur nýlega sett fram meginreglur sem rétt er að beita þegar lagt er mat á það hvort nauðsynlegt er að skerða tjáningarfrelsið til verndar mannorði eða réttindum annarra. Þau sjónarmið sem dómstóllinn hefur lagt til grundvallar eru hvort um sé að ræða framlag til umræðu sem varðar almenning, hversu þekktur umræddur einstaklingur er og umfjöllunarefnið, fyrri háttsemi viðkomandi einstaklings, sannleiksgildi upplýsinganna og hvernig staðið var að öflun þeirra, efni, form og afleiðingar birtingar og að lokum þyngd viðurlaga. Þessi sjónarmið komu fram í *MDE, Lillo-Stenberg og Sæther gegn Noregi*, 16. janúar 2014 (13258/09).

Þegar um er að ræða tjáningu um einkahagi barna er, auk ofangreinds, mikilvægt að skoða 3. mgr. 76. gr. stjkskr. Ákvæðið fjallar um rétt barna til verndar og umönnunar en þar segir orðrétt: „Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst“. Ákvæðið sækir fyrirmynd sína m.a. í 3. gr. Barnasáttmálans sem fjallar um að ávallt skuli

⁴⁵ Sjá einnig Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 373.

⁴⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 373.

⁴⁷ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 376.

⁴⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 389.

⁴⁹ *Lögfræðiorðabók*, bls. 99.

⁵⁰ Hörður Einarsson: „Tjáningarfrelsi og skoðanafrelsi“, bls. 496.

hafa það að leiðarljósi sem barninu er fyrir bestu.⁵¹ Ákvæði 76. gr. stjkskr. er að meginsteffi ætlað að leggja þá skyldu á löggjafann að hann tryggi börnum, með lögum, áður nefnda vernd og umönnun. Einnig má sækja stoð í ákvæðið fyrir heimild til þess að gera undantekningar frá öðrum mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, sé slíkt nauðsynlegt til verndar börnum.⁵² Í athugasemdum þeim er fylgdu greinargerð með frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna nr. 97/1995 er tjáningarfrelsið nefnt sem dæmi.⁵³

Sem fyrr segir nýtur friðhelgi einkalífs refsiverndar í XXV. kafla hgl. en sá kafli ber heitið „Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs“. Af ákvæðum kaflans, þá einkum 229. gr., má ráða að tjáningarfrelsinu kunna að vera settar skorður vegna friðhelgi einkalífs. Ábyrgðin er þá ýmist í formi refsíabyrgðar eða skaðabótaábyrgðar og jafnan er farið fram á ómerkingu ummæla í samræmi við 241. gr. laganna. Sá einn sem misgert var við getur höfðað einkarefsimál gagnvart þeim sem braut á réttindum hans. Álitæfnið er því hvort allir, bæði fullorðnir og börn, geti höfðað mál fyrir dómstólum landsins. Í 1. mgr. 16. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 (hér eftir eml.) segir: „Aðili dómsmáls getur hver sá verið, einstaklingur, félag eða stofnun, sem getur átt réttindi eða borið skyldur að landslögum“. Hér er m.ö.o. átt við réttshæfi manna en samkvæmt Lögfræðiorðabók er með hugtakinu *rétthæfi* átt við hæfi manna að lögum til að eiga réttindi og bera skyldur.⁵⁴ Allir lifandi menn njóta réttshæfis og geta því, samkvæmt fyrrnefndu ákvæði eml., átt aðild að dómsmáli. Af þessu leiðir að börn njóta aðildarhæfis eins og þeir fullorðnu. Fyrirkomulagið er þó þannig að lögráðamaður kemur fram sem fyrirsvarsmaður ólögráða einstaklings sem á aðild að máli og brestur hæfi til að ráðstafa sakarefninu, sbr. 3. mgr. 17. gr. eml. Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. lögrl. eru foreldrar barns lögráðamenn þess og koma því fram fyrir hönd barnsins. Nánar verður vikið að þessu hlutverki foreldra í kaflanum hér á eftir.

Af framangreindu má ráða að undir vissum kringumstæðum og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum kann tjáningarfrelsi foreldra að sæta takmörkunum vegna friðhelgi einkalífs barna þeirra, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjkskr.

3.3 Forsjá og hlutverk foreldra

3.3.1 Almenn um forsjá foreldra

Barn á lögum samkvæmt rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, sbr. 1. mgr. 28. gr. bl. Með forsjá er átt við rétt og skyldu foreldris til að ráða persónulegum högum barns og ákveða

⁵¹ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2110.

⁵² Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2110.

⁵³ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2110.

⁵⁴ *Lögfræðiorðabók*, bls. 347.

búsetustað þess, ásamt rétti barnsins til forsjár foreldra.⁵⁵ Hugtakið *forsjá* leggur áherslu á umönnunar- og verndarhlutverk foreldra en áður var talað um að foreldrar hefðu forræði yfir börnum sínum.⁵⁶ Með orðinu *forræði* var átt við yfirráð foreldra yfir barni sínu en vegna viðhorfsbreytinga var ekki lengur talið við hæfi að leggja áherslu á vald foreldra.⁵⁷ Í dag lítum við á börn sem sjálfstæða aðila að lögum með sín eigin réttindi sem eru óháð réttindum hinna fullorðnu.⁵⁸ Inntak forsjár einblínir því ekki lengur á vald foreldra heldur er lögð áhersla á rétt og skyldur þeirra gagnvart börnum sínum sem og rétt barna til að njóta forsjár foreldra sinna, eins og áður sagði.

Það er þáttur í forsjá foreldra að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu, sbr. 2. mgr. 28. gr. bl. Þeim ber einnig að vernda barnið gegn líkamlegu og andlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi, sbr. 3. mgr. 28. gr. bl. og 2. mgr. 1. gr. bvl.⁵⁹ Þrátt fyrir að ekki sé sérstaklega fjallað um foreldra í 3. gr. Barnasáttmálans má finna efnislega sambærilega reglu í 18. gr. sáttmálans. Í því ákvæði kemur fram sú meginregla að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn sitt og koma því til þroska. Þar er einnig hamrað á reglunni sem kemur fram í 3. gr. sáttmálans, þ.e. að það sem barninu er fyrir bestu skuli vera þeim efst í huga. Þeir eiga því að gegna hlutverki sínu sem foreldrar með hagi og þarfir barnsins í fyrirrúmi, líkt og áréttað er í 2. mgr. 1. gr. bvl.

Þar sem börn eru sjálfstæðir aðilar að lögum ber foreldrum að hafa samráð við barnið áður en málefnum þess er ráðið til lykta, eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til, sbr. 6. mgr. 28. gr. bl. og 1. mgr. 1. gr. bvl.⁶⁰ Afstaða og skoðanir barnsins eiga þannig að hafa aukið vægi eftir því sem það eldist og þroskast.⁶¹ Þetta kemur skýrt fram í 5. gr. Barnasáttmálans sem kveður á um að foreldrar skuli gegna uppeldishlutverki sínu í samræmi við stigvaxandi aldur og þroska barns. Ákvæðið hljóðar á eftirfarandi hátt:

„Aðildarríki skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra, eða eftir því sem við á þeirra sem tilheyra stórfjölskyldu eða samfélagi samkvæmt staðbundnum venjum, eða lögráðamanna eða annarra sem að lögum eru ábyrgir fyrir barni, til að veita því tilhlýðilega leiðsögn og handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þess er það beitir réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum.”

Inntak forsjár er lögfest í 28. gr. bl. en sú tilhögun, sem þar er kveðið á um, samræmist vel því sjónarmiði barnaréttar að börn hafi ekki þroska né þekkingu til þess að ráða málefnum

⁵⁵ *Lögfræðiorðabók*, bls. 138.

⁵⁶ „Forsjá barns”, <https://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/barnalog/>.

⁵⁷ *Lögfræðiorðabók*, bls. 136.

⁵⁸ „Hvað felst í Barnasáttmálanum?”, <https://www.barn.is/barnasattmalinn>.

⁵⁹ Sjá einnig „Forsjá barns”, <https://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/barnalog/>.

⁶⁰ Sjá einnig „Forsjá barns”, <https://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/barnalog/>.

⁶¹ Sjá 6. mgr. 28. gr. bl. og „Forsjá barns”, <https://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/barnalog/>.

sínum sjálf. Velferð þeirra er því almennt betur tryggð í höndum forsjáraðila þeirra.⁶² Sem fyrr segir verður þó að hafa í huga að börn eru sjálfstæðir aðilar að lögum og njóta réttar sem slíkir. Í 12. gr. Barnasáttmálans er t.a.m. fjallað um rétt barns til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif en um tjáningarfrelsi þeirra er fjallað sérstaklega í 13. gr. sáttmálans. Þar kemur fram að börn eigi rétt á að tjá sig nema það brjóti gegn almennu siðgæði, skaði mannorð eða brjóti gegn réttindum annarra. Einnig segir þar að börn eigi rétt á að leita sér upplýsinga, taka við upplýsingum sem og koma þeim á framfæri.

3.3.2 Forsjá foreldra og friðhelgi einkalífs barna

Líkt og að framan segir skulu foreldrar gegna uppeldishlutverki sínu í samræmi við stigvaxandi aldur og þroska barns, sbr. 5. gr. Barnasáttmálans. Í ákvæðinu segir að foreldrar skuli veita barni tilhlýðilega leiðsögn og handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þess er það beitir réttindum sínum. Samkvæmt Íslensku orðabókinni, sem ritstýrð var af Merði Árnasyni, er með orðinu *tilhlýðilegur* átt við eitthvað sem er hæfilegt eða viðurkvæmilegt.⁶³ Foreldrar eiga því að veita barni sínu hæfilega leiðsögn í samræmi við þroska þess og aldur. Í núgildandi löggjöf er hins vegar ekki tekið beinlínis á því hvenær börn eigi með- eða sjálfsákvörðunarrétt.⁶⁴ Í ýmsum ákvæðum er þó fjallað um það hvenær börn eigi rétt á að hafa áhrif á ákvarðanir sem þau varða á einn eða annan hátt.⁶⁵ Ef ekki er tekin afstaða til þessa í lögum, þ.e. hvort barn eigi að hafa áhrif á ákvörðun sem það varðar eða þá hversu mikil áhrif það á að hafa, þarf að meta það hverju sinni.⁶⁶ Í slíkum tilvikum verður að horfa til ýmissa atriða, svo sem aðstæðna, réttinda, þroska og reynslu umrædds barns.⁶⁷ Í 12. gr. Barnasáttmálans segir að tryggja skuli barni, sem myndað getur eigin skoðanir, rétt til að láta þær í ljós í málum sem það varða og að taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Sambærilegt ákvæði má finna í 3. mgr. 1. gr. bl. Í samræmi við þessi ákvæði eiga börn, sem geta myndað sér skoðanir á eigin málefnum, rétt á að láta þær í ljós, tjá sig um ákvarðanir sem varða líf þeirra og að tekið sé tillit til þeirra.⁶⁸ Það má því ætla að þegar börn nálgast 18 ára aldur eigi þau að ráða að mestu leyti yfir eigin málefnum.⁶⁹

⁶² *Friðhelgi einkalífs*, bls. 13.

⁶³ *Íslensk orðabók*, bls. 1053.

⁶⁴ „Hvenær ráða börn sjálf?“, <https://www.barn.is/um-empaettid/verkefni/>.

⁶⁵ „Hvenær ráða börn sjálf?“, <https://www.barn.is/um-empaettid/verkefni/>.

⁶⁶ „Hvenær ráða börn sjálf?“, <https://www.barn.is/um-empaettid/verkefni/>.

⁶⁷ „Hvenær ráða börn sjálf?“, <https://www.barn.is/um-empaettid/verkefni/>.

⁶⁸ „Hvenær ráða börn sjálf?“, <https://www.barn.is/um-empaettid/verkefni/>.

⁶⁹ „Hvenær ráða börn sjálf?“, <https://www.barn.is/um-empaettid/verkefni/>.

Foreldrar fara alla jafna með forsjá barna sinna og eru því svokallaðir forsjáraðilar þeirra. Samkvæmt 5. mgr. 28. gr. bl. fara forsjárforeldrar með lögformlegt fyrirvar barns, t.d. fyrir dómstólum landsins og samkvæmt 3. mgr. 17. gr. eml. kemur lögráðamaður fram sem fyrirvarsmaður ólögráða einstaklings sem á aðild að máli og brestur hæfi til að ráðstafa sakarefninu.⁷⁰ Samkvæmt Lögfræðiorðabók er *lögformlegur* eitthvað sem samkvæmist lögum eða samrýmist lagafyrirmælum.⁷¹ Í sömu bók segir að *fyrirvar* sé hagsmunagæsla sem felist í því að koma fram í dóms- eða stjórnáskilumáli fyrir hönd aðila sem ekki er hæfur til að gera það sjálfur eða er það ókleift af öðrum ástæðum.⁷² Foreldrar koma þannig fram fyrir hönd barna sinna, samkvæmt lögum, og gæta hagsmuna þeirra þegar þess gerist þörf.⁷³ Telji barn foreldri sitt hafa brotið gegn réttindum sínum er hægt að skipa því sérstakan lögráðamann í samræmi við 53. gr. lögrl. Þar segir orðrétt: „Skipa má ólögráða manni sérstakan lögráðamann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann er þess gerist þörf. Skal það jafnan gert er fastur lögráðamaður hefur eigin hagsmuna að gæta við þann erindrekstur”.

Engir dómur hafa gengið, hvorki fyrir héraðsdómi né Hæstarétti, þar sem fjallað hefur verið um myndbirtingar eða birtingar á upplýsingum um börn á samfélagsmiðlum. Margvíslegar ástæður geta legið þar að baki. Í fyrsta lagi sú staðreynd að foreldrar fara jafnan með lögformlegt fyrirvar barns og koma því fram fyrir hönd barnsins nema því sé skipaður sérstakur lögráðamaður í samræmi við ákvæði 53. gr. lögrl. Í öðru lagi eru börn oft ekki aðilar að samfélagsmiðlum sökum ungs aldurs eða af öðrum viðlíka ástæðum. Þau eru því ekki meðvituð um það sem þar fer fram og hafa jafnan lítið um það að segja hvaða myndefni eða upplýsingar eru birt um þau. Það er ekki fyrr en þau hafa náð ákveðnum þroska og/eða aldri sem þau geta farið að hafa einhver áhrif á það hvað er birt um þau á samfélagsmiðlum. Á þeim tíma hefur efninu jafnan verið dreift en almennt er ekki hægt að fjarlægja af alnetinu myndefni eða upplýsingar sem þangað hafa verið settar. Afar gott dæmi um þetta eru birtingar á svokölluðum sónarmyndum en þar er barnið ófætt og getur því engin áhrif haft á það hvort myndin er birt eða ekki. Í þriðja lagi væru börnin að höfða mál gegn eigin foreldrum. Það kann að skapa ágreining, fjölskylduvandamál af ýmsu tagi og getur leitt til trúnaðarbrests. Þess má geta að dómur hafa gengið í málum fullorðinna einstaklinga og mætti, að mati höfundar, hafa hliðsjón af niðurstöðum þeirra dóma enda eiga börn að njóta sömu réttinda og fullorðnir einstaklingar.

⁷⁰ „Forsjá barns”, <https://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/barnalog/>.

⁷¹ *Lögfræðiorðabók*, bls. 262.

⁷² *Lögfræðiorðabók*, bls. 156.

⁷³ „Geta börn fengið upplýsingar um sig sjálf?”, <https://www.barn.is/spurt-er/>.

Réttur barns til friðhelgi einkalífs kann því að takmarkast af forsjá foreldra þar sem að forsjáin felur í sér að barnið ræður ekki sjálft persónulegum málefnum sínum.⁷⁴ Foreldrar taka t.a.m. ákvarðanir um búsetustað barns og skólagöngu. Þrátt fyrir það er foreldrum ekki í sjálfsvald sett hvað þeir gera enda verður ávallt að hafa það að leiðarljósi sem barninu er fyrir bestu í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans, sbr. 3. og 18. gr. sáttmálans. Foreldrar verða því ávallt að vera meðvitaðir um þá ábyrgð sem á þeim hvílir og virða rétt barnsins til friðhelgi einkalífs. Ef þeir ganga of langt kann að vera að þeir hafi brotið á stjórnarskrárvörðum rétti barnsins.

4 Samfélagsmiðlar og fjölmiðlaréttur

4.1 Inngangur

Ýmis álitæfni hafa komið upp í tengslum við notkun samfélagsmiðla og þá aðallega hvort vegið sé að réttindum einstaklinga sem þar eru. Engin lög hafa verið sett um notkun samfélagsmiðla en á sviði fjölmiðlaréttar hafa verið sett lög um fjölmiðla nr. 38/2011. Í þessum kafla verður fjallað um hlutverk samfélagsmiðla, þróun þeirra og hvort friðhelgi einkalífs barna njóti nægilegrar verndar á þessum vettvangi. Þar sem að engin lög hafa verið sett á þessu sviði er erfitt að henda reiður á þær reglur sem gilda og því verður fjölmiðlaréttur skoðaður með það fyrir augum að draga af honum ályktanir sem kunna að eiga við á sviði samfélagsmiðla.

4.2 Samfélagsmiðlar

Inntak hugtaksins *samfélagsmiðlar* er að vissu leyti óljóst enda er það gjarnan notað yfir ótal ólíka rafræna miðla.⁷⁵ Sem dæmi um samfélagsmiðla má nefna Facebook, Twitter og blogg síður af ýmsu tagi. Í Íslensku orðabókinni, sem ritstýrð var af Merði Árnasyni, má finna skilgreiningu á sögninni *að miðla* annars vegar og *miðlari* hins vegar. Fyrri orðið þýðir að veita, úthluta eða láta af hendi en það seinna milligöngumaður eða meðalgöngumaður.⁷⁶ Af þessu má leiða að samfélagsmiðlar eru nokkurs konar tól eða tæki til upplýsingadreifinga.⁷⁷

Samfélagsmiðlar hafa þróast afar mikið á skömmum tíma og má gera ráð fyrir að slík þróun haldi áfram um ókomna tíð.⁷⁸ Samfélagsmiðlarnir sjálfir hafa ekki einungis þróast

⁷⁴ *Lögfræðiorðabók*, bls. 138.

⁷⁵ „Hvað eru samfélagsmiðlar og til hvers notum við þá?“, <http://menntamidja.is/blog/2014/09/22/>.

⁷⁶ *Íslensk orðabók*, bls. 664.

⁷⁷ „Hvað eru samfélagsmiðlar og til hvers notum við þá?“, <http://menntamidja.is/blog/2014/09/22/>.

⁷⁸ „Hvað eru samfélagsmiðlar og til hvers notum við þá?“, <http://menntamidja.is/blog/2014/09/22/>.

heldur hefur hópur þeirra, sem notar samfélagsmiðla, stækkað afar mikið. Ráðuneytin hér á landi hafa t.a.m. tekið upp á því að nýta sér samfélagsmiðla í starfi sínu en vorið 2012 lá fyrir skýrsla vinnuhóps, sem skipaður var fulltrúum allra ráðuneyta, þar sem fjallað var um stefnu Stjórnarráðsins um notkun samfélagsmiðla.⁷⁹ Notkun samfélagsmiðla, svo sem af hálfu ráðuneytanna, vekja upp ýmis álitæfni og þá sérstaklega í ljósi þess að engin lög hafa verið sett á þessu sviði líkt og áður kom fram. Mikilvægt er þó að hafa í huga að Hæstiréttur hefur slegið því föstu að samfélagsmiðlar teljist opinber vettvangur en með orðinu *opinber* er átt við eitthvað sem allir hafa aðgang að.⁸⁰ Viðeigandi ákvæði XXV. kafla hgl., sem ber heitið „Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs“, taka því til tjáningar á þessum vettvangi. Í nýlegum dómi Hæstaréttar, *Hrd. 20. nóvember 2014 (214/2014)*, var þessu slegið föstu en þar sagði eftirfarandi:

„Stefndi heldur því fram að sú háttsemi sín að setja hina afbökðu mynd á umræddan myndskiptamiðil hafi ekki falið í sér birtingu hennar í merkingu 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þar sem hann hafi álitnið að aðeins takmarkaður fjöldi manna hefði þar aðgang að henni. Ekki verður á það fallist, enda telst það birting samkvæmt hefðbundinni skýringu á hugtakinu að eitthvað sé gert aðgengilegt á rafrænan hátt fyrir jafn stóran hóp manna og að framan greinir, án tillits til þess hvort í hlut eiga vinir og kunningjar þess sem það gerir, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 24. maí 2012 í máli nr. 469/2011.“

4.3 Fjölmiðlaréttur

Sem fyrr segir hafa engin lög verið sett um notkun samfélagsmiðla en á sviði fjölmiðlaréttar hafa verið sett lög um fjölmiðla nr. 38/2011. Af þeim ástæðum verður fjölmiðlaréttur skoðaður í þeirri viðleitni að draga af honum ályktanir sem kunna að eiga við á sviði samfélagsmiðla.

Erfitt er að skilgreina hugtakið *fjölmiðill* en það hefur verið skilgreint með eftirfarandi hætti: „Stofnun eða fyrirtæki, lögaðili, sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim reglulega til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði“.⁸¹ Fjölmiðill getur notað ýmsar og ólíkar leiðir til upplýsingadreifinga, svo sem í dagblöðum, tímaritum, í útvarpi, sjónvarpi eða á alnetinu.⁸²

Áður hefur verið komið inná tjáningarfrelsið sem verndað er í 73. gr. stjkskr. og er forsenda þess að fram geti farið frjáls umræða og opinber skoðanaskipti í samfélaginu.⁸³

⁷⁹ „Notkun ráðuneyta á samfélagsmiðlum“, <http://www.stjornarrad.is/raduneyti/vefir-stjornarradsins/>.

⁸⁰ *Íslensk orðabók*, bls. 726.

⁸¹ *Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*, bls. 9.

⁸² *Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*, bls. 9.

⁸³ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 347.

Tjáningarfrelsið er því forsenda frjálsrar fjölmiðlunar í samfélaginu og eru fjölmiðlar í raun mikilvægasta upplýsingalind almennings í dag.⁸⁴ Þeir eru einnig vettvangur fyrir upplýsta umræðu og gegna því mikilvægu hlutverki í lýðræðislegu samfélagi þrátt fyrir að vera hvorki nefndir í stjkskr. né MSE. Einnig hefur áður verið komið inná 10. gr. MSE en sú grein ásamt fyrrnefndri 73. gr. stjkskr. fjalla um tjáningarfrelsið. Í stjkskr. segir að allir séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringa en í 10. gr. MSE segir að sérhver maður eigi rétt til tjáningarfrelsis. Samkvæmt þessu eiga fjölmiðlar rétt til að veita almenningi upplýsingar sem eiga erindi til almennings og varða almannahag á einn eða annan hátt en jafnvel þó að tjáningarfrelsið njóti ríkrar verndar á þessu sviði fylgir öllu frelsi einhvers konar ábyrgð, sbr. 2. mgr. 73. gr. stjkskr. Fjölmiðlum ber því að virða rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu en sá réttur er, sem fyrr segir, verndaður í 71. gr. stjkskr., 8. gr. MSE og 17. gr. SBSR. Í þessu sambandi má nefna ábyrgðarreglur sem settar hafa verið í lög, sbr. t.d. IX. kafli áðurnefndra fjölmiðlalaga nr. 38/2011.

Í 1. gr. fjölmiðlalaga er markmið laganna útlistað en þar segir að lögunum sé ætlað að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi. Sett hefur verið á stofn Fjölmiðlanefnd sem er sjálfstæð stjórnslunefnd en henni er ætlað að stuðla að því að markmiðum og tilgangi laganna verði náð, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna. Nefndin skal einnig standa vörð um tjáningarfrelsi manna, rétt almennings til upplýsinga og stuðla að því að vernd barna sé virt, sbr. áðurnefnd 1. mgr. 10. gr. laganna.

Í 26. gr. fjölmiðlalaga er fjallað um lýðræðislegar grundvallarreglur. Á heimasíðu Fjölmiðlanefndar má síðan finna nánari útlistun á inntaki umræddrar lagagreinar. Þar segir að ákvæðið vísi til þeirra hugmynda sem liggja til grundvallar upplýstri umræðu og ákvarðanatöku í lýðræðissamfélagi og að slíkar lýðræðishugmyndir byggja á að upplýst umræða, tjáningarfrelsi og réttur til upplýsinga að teknu tilliti til friðhelgi einkalífs sé grundvöllur lýðræðisins.⁸⁵ Sem fyrr segir eru mörkin á milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs oft vandmeðfarin og er það ein af ástæðum þess að friðhelgi einkalífs er sérstaklega getið í ákvæði 26. gr. en á heimasíðu Fjölmiðlanefndar segir:

„Rétturinn til friðhelgi einkalífsins stafar af réttinum til frelsis og sjálfsákvörðunar, svo lengi sem sá réttur hefur ekki áhrif á frelsi og réttindi annarra. Er litið svo á að þessi sjálfsgæði réttur sé meðal mikilvægustu grundvallarmannréttinda og ein mikilvægasta stoð lýðræðis. Fjölmiðlar

⁸⁴ Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla, bls. 9.

⁸⁵ „Lýðræðislegar grundvallarreglur”, <http://fjolmidlanefnd.is/eftirlit/>.

eru ekki undanþegnir því að þurfa að taka tillit til grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs við meðferð á persónuupplýsingum.”⁸⁶

Af framangreindu er ljóst að fjölmiðlar njóta ríks tjáningarfrelsis enda ein mikilvægasta upplýsingalind almennings og helsti vettvangur fyrir upplýstar umræður í samfélaginu. Fjölmiðlar eiga þannig rétt til að veita almenningi upplýsingar sem eiga erindi til almennings og varða almannahag á einn eða annan hátt. Þrátt fyrir þetta mikilvæga lýðræðishlutverk verða þeir að bera ábyrgð á því sem þeir setja fram á opinberum vettvangi enda fylgir frelsi ávallt ábyrgð. Eins og áður kom fram hafa engar reglur verið settar á sviði samfélagsmiðla. Ef tekið er mið af þeim reglum og sjónarmiðum sem reifuð hafa verið á sviði fjölmiðlaréttar má ætla að einstaklingar geti tjáð sig á samfélagsmiðlum um málefni sem eiga erindi til almennings eða varði almannahag á einhvern hátt. Tjáning um einkamálefni manna á samfélagsmiðlum eru erfiðara viðfangsefni og kemur það í hlut dómstóla að meta hverju sinni hvort gengið hafi verið of langt en friðhelgi einkalífs nýtur sérstakrar refsiverndar í XXV. kafla hgl. eins og komið var inná hér að ofan. Þar segir í 229. gr. að hver sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður standi til, er réttlæti verknaðinn, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.⁸⁷ Þeir einstaklingar sem kjósa að tjá sig á samfélagsmiðlum um málefni annarra verða því að taka hæfilegt tillit til friðhelgi einkalífs annarra og hafa í huga að frelsi fylgir ábyrgð. Umboðsmaður barna hefur t.a.m. lagt ríka áherslu á ábyrgð fjölmiðla gagnvart börnum og að hans mati ætti samþykki foreldra eitt og sér ekki að duga þegar birta á myndir eða upplýsingar um börn í fjölmiðlum.⁸⁸ Að hans mati ættu fjölmiðlar að meta hvort umfjöllun sú, sem stendur til að birta, sé í samræmi við réttindi og hagsmuni barnsins hverju sinni.⁸⁹

Með hliðsjón af því mikilvæga lýðræðislega hlutverki sem fjölmiðlar gegna, sem ein mikilvægasta upplýsingalind almennings í dag, má ætla að strangari reglur ættu að gilda á sviði samfélagsmiðla enda hafa þeir ekki sama hlutverki að gegna. Má því ætla að samþykki foreldra dugi ekki eitt og sér til þess að birta myndir eða upplýsingar um börn á samfélagsmiðlum heldur ætti vilji og hagsmunir barnsins að ráða þar ferðinni.

⁸⁶ „Lýðræðislegar grundvallarreglur”, <http://fjolmidlanefnd.is/eftirlit/>.

⁸⁷ Sjá einnig *Lögfræðiorðabók*, bls. 99 og 147.

⁸⁸ „Umfjöllun á netinu”, <https://www.barn.is/spurt-er/>.

⁸⁹ „Umfjöllun á netinu”, <https://www.barn.is/spurt-er/>.

5 Myndbirtingar og birting upplýsinga um börn á samfélagsmiðlum

Í þessum kafla verður nánar fjallað um myndbirtingar og birtingu upplýsinga um börn á samfélagsmiðlum. Sem fyrr segir skortir löggjöf á þessu sviði og verða því í kaflanum reifaðar þær reglur og þau sjónarmið sem sett hafa verið fram af ýmsum þeim aðilum sem vinna að málefnum barna í starfi sínu.

Börn njóta sömu mannréttinda og fullvaxta einstaklingar, þau njóta því m.a. verndar ákvæða 71. og 73. gr. stjkskr. en í þeim ákvæðum er annars vegar fjallað um friðhelgi einkalífs og hins vegar um tjáningarfrelsi, eins og áður hefur verið komið inná. Um skoðana- og tjáningarfrelsi er einnig fjallað í 12. og 13. gr. Barnasáttmálans. Samkvæmt fyrrgreinda ákvæðinu eiga börn rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er þau varða og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Í síðargreinda ákvæðinu er fjallað um tjáningarfrelsi barna. Af framangreindum ákvæðum má leiða að börn njóta sjálfstæðs réttar til að hafa áhrif á það hvort um þau sé fjallað í fjölmiðlum eða á öðrum vettvangi, svo sem á samfélagsmiðlum.⁹⁰ Ef þau hafa hins vegar ekki þroska til að taka slíka ákvörðun eiga þau að njóta verndar gegn því að vera umfjöllunarefni fjölmiðla og/eða samfélagsmiðla.⁹¹ Réttindi barna kunna þó að sæta takmörkunum líkt og áður hefur verið vikið að, svo sem vegna forsjár og hlutverks foreldra. Þó ber ávallt að hafa það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi í samræmi við 3. og 18. gr. Barnasáttmálans. Að mati höfundar á forsjá og hlutverk foreldra því ekki að leiða til þess að réttur barnsins sé skertur heldur eiga foreldrar að stuðla að velferð þess og vellíðan í samræmi við hlutverk þeirra sem aðal umönnunar- og verndaraðila barnsins.

Sem fyrr segir bera foreldrar ábyrgð á börnum sínum og taka ýmsar ákvarðanir fyrir þeirra hönd, allt eftir aldri þeirra og þroska. Þrátt fyrir það verða foreldrar að virða einkalíf barna sinna og fara varlega í að birta myndir eða opinbera upplýsingar sem þau varða.⁹² Þetta á sérstaklega við um viðkvæmar myndir eða upplýsingar, sbr. 8. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 (hér eftir pvl.). Áður en foreldrar birta myndir eða opinbera upplýsingar um börn sín á samfélagsmiðlum verða þeir að hafa í huga að það sem er sett á alnetið er jafnan ekki hægt að taka til baka og getur því fylgt barninu til frambúðar.⁹³ Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, sagði í

⁹⁰ Þóra Jónsdóttir: „Er rétt að tefla börnum fram í fjölmiðlum?“, <http://www.barnaheill.is/Frettir/Frettir2015/>. Sjá einnig Þóra Jónsdóttir: „Er rétt að tefla börnum fram í fjölmiðlum?“, <http://www.visir.is/>.

⁹¹ Þóra Jónsdóttir: „Er rétt að tefla börnum fram í fjölmiðlum?“, <http://www.barnaheill.is/Frettir/Frettir2015/>. Sjá einnig Þóra Jónsdóttir: „Er rétt að tefla börnum fram í fjölmiðlum?“, <http://www.visir.is/>.

⁹² „Upplýsingar um börn í samfélagsmiðlum“, <https://barn.is/frettir/2015/06/>.

⁹³ Sjá til hliðsjónar „Umfjöllun á netinu“, <https://www.barn.is/spurt-er-/>.

viðtali við Vísi þann 7. nóvember árið 2013 að foreldrar þyrftu að spyrja sig að nokkrum spurningum áður en þeir birta myndir eða upplýsingar um börn sín á netinu, svo sem hvort þau vilji að aðrir hafi aðgang að efninu og hvort það sé einhver möguleiki á að misnota efnið.⁹⁴ Af lestri ákvæða bl. má sjá að þau ganga út frá því að ávallt skuli hafa það að leiðarljósi sem er barninu fyrir bestu. Sömu meginreglu er að finna í 3. og 18. gr. Barnasáttmálans en inntak þeirra var kynnt hér að ofan. Foreldrar ættu því ávallt að hafa framangreint í huga sem og gullnu regluna en hún hljóðar á eftirfarandi hátt: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra“. Staðreyndin er sú að ýmsar upplýsingar eiga ekki heima á alnetinu og þegar barnið eldist og þroskast, kann að koma í ljós að það sé enn eða hafi verið afar ósátt við birtingu umrædds efnis.⁹⁵ Foreldrar, og aðrir, verða ávallt að hafa í huga að einstaklingar eru jafn ólíkir og þeir eru margir. Að mati höfundar kunna þó að skapast aðstæður þar sem foreldrar geta tekið ákvörðun um myndbirtingu eða birtingu upplýsinga fyrir hönd barnsins og án samráðs við það. Sem dæmi um slíkar aðstæður má nefna þegar barn er týnt en þá kann að vera barninu í hag að deila myndum og jafnvel persónuupplýsingum um barnið á samfélagsmiðlum en ávallt verður þó að gæta fyllstu varúðar.

Eftir því sem börn eldast og þroskast eiga foreldrar að taka sífellt meira tillit til skoðana þeirra eins og áður hefur verið fjallað um. Ef barn leggst þannig eindregið gegn myndbirtingum eða birtingu á öðrum upplýsingum um það á alnetinu ættu foreldrar að fara að vilja þess enda væri það í samræmi við hlutverk þeirra sem foreldra barnsins. Fari þau gegn vilja barnsins gætu þau verið að brjóta gegn grundvallarréttindum þess. Aðstæður gætu aftur á móti skapast þar sem barn leggst gegn birtingu myndefnis eða upplýsinga á samfélagsmiðlum þó foreldrar telji það þjóna hagsmunum barnsins að birta umrætt efni, sbr. 3. og 18. gr. Barnasáttmálans. Ef slíkar aðstæður skapast ættu foreldrar, að mati höfundar, að veita og meta, hvort vegi þyngra, vilji barnsins eða hagsmunir þess af því að birta umrætt efni, gegn vilja þess. Foreldrar ættu aðeins að fara gegn vilja barnsins standi til þess veigamikil rök. Liggi samþykki barnsins hins vegar fyrir væri eðlilegast fyrir foreldrana að meta hverju sinni hvort myndbirtingin eða upplýsingadreifingin sé barninu fyrir bestu eða hvort hún kunni e.t.v. að koma niður á barninu seinna enda bera foreldrar ábyrgð á velferð barna sinna og eiga að tryggja þeim viðunandi vernd, sbr. 3. mgr. 28. gr. bl. Þegar um ungabörn er að ræða, sem ýmist geta ekki tjáð sig eða skilja ekki þýðingu þess sem þau segja, eru uppi flóknari álitaefni. Foreldrar verða þá sjálfir að meta hvort dreifingin sé nauðsynleg og í samræmi við þarfir og

⁹⁴ Hödd Vilhjálmsdóttir: „Foreldrar virði rétt barna sinna til friðhelgi einkalífs“, <http://www.visir.is/>.

⁹⁵ „Um fjöllum á netinu“, <https://www.barn.is/spurt-er/>.

hagi barnsins enda er barnið ófært um að gæta réttinda sinna að svo stöddu. Foreldrar verða ávallt að hafa í huga að þær myndir og upplýsingar sem fara á alnetið verða þar áfram, jafnvel þó að myndirnar eða upplýsingarnar séu fjarlægðar af þeim sjálfum. Að mati höfundar ættu foreldrar því ávallt að forðast að birta viðkvæmar myndir og upplýsingar á samfélagsmiðlum, hvort sem það er með eða án samþykkis barnsins. Til leiðbeiningar má líta til 8. tl. 1. mgr. 2. gr. pvl. en samkvæmt því ákvæði teljast t.a.m. heilsufarsupplýsingar, upplýsingar um uppruna, kynþátt, trúar- og lífsskoðanir til viðkvæmra persónuupplýsinga. Þessar upplýsingar ættu foreldrar að varast að birta á samfélagsmiðlum ella gætu þau verið að brjóta á réttindum barnsins.

Myndbirting og/eða birting upplýsinga um börn á samfélagsmiðlum kann, í einhverjum tilvikum, að teljast ærumeiðandi og þ.a.l. brot á ákvæðum XXV. kafla hgl.⁹⁶ Sá kafli ber heitið „Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs“. Almennt þarf slík birting að teljast ósæmileg í garð barnsins svo hún varði við ákvæði framangreinds kafla hgl. en *ósæmilegur* er eitthvað sem telst óviðeigandi eða sem vansæmd er að.⁹⁷ Sem fyrr segir njóta einstaklingar tjáningarfrelsis samkvæmt 73. gr. stjkskr. en slíku frelsi fylgir ábyrgð. Réttur manna til tjáningar getur því takmarkast af rétti barna til að njóta friðhelgi um eigið einkalíf í samræmi við 71. gr. stjkskr.⁹⁸ Í 242. gr. hgl. er fjallað um saksókn vegna brota á þeim ákvæðum sem hér hafa verið til umfjöllunar. Sum þeirra sæta ákæru en mál út af öðrum brotum verður sá að höfða sem misgert var við. Í tilviki barna eru það forsjáradilar þess en líkt og áður kom fram eru það alla jafna foreldrar eða foreldri barnsins. Síðarnefndu málin teljast einkamál en slíkum málum fylgir tilheyrandi kostnaður sem þarf að standa straum af. Í flokki þeirra sem sæta ákæru eru t.a.m. eineltismál, sbr. 2. mgr. 232. gr. hgl. Einnig fellur 233. gr. b. þar undir en í því ákvæði segir orðrétt: „Sá sem móðgar eða smánar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda, og verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, skal sæta fangelsi allt að tveimur árum“. Markmið þessa ákvæðis var að virkja refsivernd innan fjölskyldna gegn stórfelldum ærumeiðingum.⁹⁹ Það er svo háð mati og túlkun dómstóla hvað teljist stórfelld ærumeiðing. Ef það er foreldri barnsins sem hefur gerst sekur við umrædd ákvæði hgl. er hægt að grípa til þess ráðs að skipa barninu sérstakan lögráðamann í samræmi við 53. gr. lögrl.

⁹⁶ „Netnotkun“, <https://www.barn.is/malaflokkar/>.

⁹⁷ *Íslensk orðabók*, bls. 743.

⁹⁸ „Netnotkun“, <https://www.barn.is/malaflokkar/>.

⁹⁹ Þskj. 547, 145. lögb. 2015-16, bls. 9 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

Barnaheill birti þann 5. febrúar árið 2015 leiðbeinandi reglur um notkun ljósmynda af börnum.¹⁰⁰ Þar er tekið fram að Barnaheill hafi ávallt Barnasáttmálann að leiðarljósi í sínu starfi.¹⁰¹ Af þeim reglum má leiða ákveðin sjónarmið sem tækt væri að leggja til grundvallar. Í fyrsta lagi segir þar að leitast skuli við að fá samþykki barna fyrir notkun mynda sem teknar hafa verið af þeim. Í öðru lagi að upplýsa skuli foreldra um fyrirhugaða myndbirtingu og að leita skuli eftir samþykki þeirra fyrir notkun mynda af börnum þeirra. Ef barn neitar um birtingu og notkun myndar skal fara að vilja barnsins. Þetta er í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans og í raun afar eðlileg niðurstaða. Ef barn samþykkir birtingu en foreldri neitar þá ræður sjónarmið foreldris ef barnið er yngra en 12 ár. Ef barnið er hins vegar 12 ára eða eldri þá ræður sjónarmið barnsins. Þetta er í samræmi við það sjónarmið að taka skuli sífellt meira tillit til skoðana barnsins eftir því sem það eldist og þroskast. Viðmiðunarreglur þær sem hér hafa verið reifaðar voru settar af Barnaheill og hafa verið notaðar og lagðar til grundvallar í starfsemi þeirra.¹⁰² Ljóst er að þær hafa ekki lagalegt gildi en eru þó leiðbeinandi og veita ákveðna innsýn.

Persónuvernd fékk fyrirspurn um myndbirtingar og þær reglur sem gilda.¹⁰³ Fyrirspurninni var svarað þann 10. ágúst árið 2006.¹⁰⁴ Í svarinu er skilgreining pvl. á persónuupplýsingum sett fram en hún er eftirfarandi: „Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.” Af þeirri skilgreiningu telur Persónuvernd að myndir geti fallið undir hugtakið ef hægt er að bera kennsl á þann sem er á myndinni og/eða ef myndin ber með sér upplýsingar um viðkomandi.¹⁰⁵ Birting slíkra mynda getur því talist rafræn vinnsla persónuupplýsinga í skilningi pvl. en þá verður skilyrðum framangreindra laga að vera fullnægt.¹⁰⁶ Í pvl. er ekki að finna sérstakar reglur um myndbirtingar á alnetinu og gilda því almennar reglur laganna.¹⁰⁷ Í 8. gr. pvl. er fjallað um almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Ef birta á mynd sem inniheldur persónuupplýsingar um viðkomandi verður því eitthvert þeirra sjö skilyrða sem talin eru upp í ákvæðinu að vera fyrir hendi.¹⁰⁸ Annað gildir ef myndin er viðkvæm eða inniheldur viðkvæmar persónuupplýsingar en þá þarf skilyrðum 9. gr. pvl. að vera fullnægt. Í svari Persónuverndar er tekið fram að það

¹⁰⁰ „Myndbirtingar af börnum”, <http://www.barnaheill.is/Umsamtokin/Starfsreglur/>.

¹⁰¹ „Myndbirtingar af börnum”, <http://www.barnaheill.is/Umsamtokin/Starfsreglur/>.

¹⁰² „Myndbirtingar af börnum”, <http://www.barnaheill.is/Umsamtokin/Starfsreglur/>.

¹⁰³ „Myndbirtingar”, <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/>.

¹⁰⁴ „Myndbirtingar”, <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/>.

¹⁰⁵ „Myndbirtingar”, <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/>.

¹⁰⁶ „Myndbirtingar”, <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/>.

¹⁰⁷ „Myndbirtingar”, <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/>.

¹⁰⁸ „Myndbirtingar”, <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/>.

verði þó að hafa í huga að birting mynda á alnetinu gæti tengst tjáningarfrelsinu á einn eða annan hátt en í slíkum tilvikum ber að líta til 5. gr. laganna.¹⁰⁹ Þar segir að víkja megi frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta þegar nauðsynlegt er til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Ef myndbirting fellur þannig undir 5. gr. laganna, þá eiga ákvæði 8. og 9. gr. ekki við.¹¹⁰ Ákvæði 7. gr. pvl. gildir þó ávallt, hvort sem myndbirting á undir 5., 8., eða 9. gr. laganna. Samkvæmt því ákvæði skal aðeins vinna persónuupplýsingar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og skal öll meðferð þeirra vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Samkvæmt þessu kann að vera í lagi að birta myndir af einstaklingum á samfélagsmiðlum án leyfis viðkomandi, í skjóli tjáningarfrelsisins, en annars þarf skilyrðum 8. eða 9. gr. laganna að vera fullnægt. Í svarinu er að lokum vikið að leiðbeinandi álitni dönsku Persónuverndarstofnunarinnar. Í álitinu er fjallað um það hvenær teljist heimilt að birta myndir af einstaklingum á alnetinu, án samþykkis viðkomandi. Nefndin gerir greinarmun á myndum af viðburði og myndum af tilteknum og jafnvel nafngreindum einstaklingum. Samkvæmt henni má alla jafna birta þær fyrrnefndu án samþykkis viðkomandi einstaklinga en annað á við um birtingu á þeim síðarnefndu.¹¹¹ Af framangreindu álitni dönsku Persónuverndarstofnunarinnar má, að mati höfundar, draga þá ályktun að alla jafna ætti að ganga eftir samþykki viðkomandi einstaklings, í þessu tilviki barns, ef mynd eða upplýsingar innihalda persónugreinanlegar upplýsingar um það.

Heimili og skóli og SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni)¹¹² settu fram almenn viðmið, í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti, um heimasíður skóla, íþróttafélaga og annarra sem koma með einhverjum hætti að æskulýðs- og tómstundastarfi barna.¹¹³ Í þessum almennu viðmiðunum eru aðilar sérstaklega hvattir til þess að gæta varúðar og nærgætni við allar myndbirtingar af börnum sem og við birtingu persónuupplýsinga.¹¹⁴ Í þeim segir einnig: „Börn skulu aldrei sýnd á niðrandi eða óviðeigandi hátt, t.d. þannig að þau séu nakin eða klæðalítill, vansæl eða í erfiðum aðstæðum.”¹¹⁵ Sérstaklega er fjallað um notkun samfélagsmiðla en þar er tekið fram að notkun á samfélagsmiðlum sem safna

¹⁰⁹ „Myndbirtingar”, <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/>.

¹¹⁰ „Myndbirtingar”, <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/>.

¹¹¹ „Myndbirtingar”, <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/>.

¹¹² „Um okkur”, <http://www.saft.is/um-okkur/>.

¹¹³ „Viðmið um birtingu myndefnis og meðferð upplýsinga um börn á netinu”, <https://www.menntamalaraduneyti.is/>.

¹¹⁴ „Birting upplýsinga og myndefnis af börnum”, <http://www.heimilogskoli.is/fyrir-foreldra/> og „Viðmið um birtingu myndefnis og meðferð upplýsinga um börn á netinu”, <https://www.menntamalaraduneyti.is/>.

¹¹⁵ „Birting upplýsinga og myndefnis af börnum”, <http://www.heimilogskoli.is/fyrir-foreldra/> og „Viðmið um birtingu myndefnis og meðferð upplýsinga um börn á netinu”, <https://www.menntamalaraduneyti.is/>.

persónuupplýsingum og eru reknir í viðskiptatilgangi, svo sem Facebook, séu ekki alveg í samræmi við þá vernd sem ung börn í skyldunámi þurfi og eigi að njóta.¹¹⁶ Tekið er fram að persónuupplýsingar og myndir af einstökum börnum eigi að vera á læstu svæði fremur en á samfélagsmiðlum.¹¹⁷ Einnig er tekið fram að ef íþróttafélög, skólar eða aðrir ákveði að nota samfélagsmiðla þá beri að virða þau aldurstakmörk sem miðillinn setur.¹¹⁸ Svipuð viðmið má finna í almennum viðmiðunum um myndatökur og myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.¹¹⁹ Þessi viðmið sem hér hafa verið reifuð eiga ekki beint við um foreldra barna en þau leggja góðar línur sem vert væri að fylgja. Aðilar eru þar sérstaklega hvattir til þess að gæta varúðar og nærgætni við allar myndbirtingar af börnum sem og við birtingu persónuupplýsinga. Þetta ættu foreldrar að hafa í huga þegar þau birta myndir eða upplýsingar um börn sín á samfélagsmiðlum enda skal varúð höfð í nærveru sálar. Framangreind viðmið eiga því vel við um foreldra sem og aðra aðila sem geta birt myndir og upplýsingar um börn á samfélagsmiðlum. Börn ættu aldrei að vera sýnd á niðrandi eða óviðeigandi hátt, hvort sem það er á samfélagsmiðlum, fjölmiðlum eða annars staðar enda samrýmist það ekki hlutverki foreldra sem aðal umönnunar- og verndaraðilum barna.

Á heimasíðu umboðsmanns barna er fjallað um birtingu upplýsinga um námsárangur barna á samfélagsmiðlum. Einkunnir og aðrar upplýsingar um námsárangur teljast einkamál barns og falla þ.a.l. undir 71. gr. stjkskr. um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.¹²⁰ Þar segir að foreldrar verði að biðja börn sín um leyfi áður en upplýsingar um námsárangur eða einkunnir eru birtar.¹²¹ Umræddar upplýsingar teljast einkamálefni barnsins en ætla má að sama regla gildi um aðrar upplýsingar sem teljast til einkamálefna barns, þ.e. upplýsingar sem tengjast mjög náið persónu barnsins og tilfinningalífi enda eiga slíkar upplýsingar alla jafna ekki erindi til almennings. Slíkar upplýsingar ættu foreldrar því ekki að birta nema með leyfi en ef barn er ófært um að veita leyfi ætti að fara eftir því sem barninu er fyrir bestu, sbr. 3. og 18. gr. Barnasáttmálans, og því sem samræmist best verndarhlutverki foreldra.

Umboðsmaður barna hefur einnig svarað þeirri spurningu hvort foreldrar megi birta myndir eða aðrar upplýsingar um börn sín á netinu. Hann tók fram að í lögum væri ekki að finna bann gegn framangreindu en að myndbirting eða umfjöllun megi þó ekki brjóta í bága

¹¹⁶ „Birting upplýsinga og myndefnis af börnum”, <http://www.heimiliogskoli.is/fyrir-foreldra/> og „Viðmið um birtingu myndefnis og meðferð upplýsinga um börn á netinu”, <https://www.menntamalaraduneyti.is/>.

¹¹⁷ „Birting upplýsinga og myndefnis af börnum”, <http://www.heimiliogskoli.is/fyrir-foreldra/> og „Viðmið um birtingu myndefnis og meðferð upplýsinga um börn á netinu”, <https://www.menntamalaraduneyti.is/>.

¹¹⁸ „Birting upplýsinga og myndefnis af börnum”, <http://www.heimiliogskoli.is/fyrir-foreldra/> og „Viðmið um birtingu myndefnis og meðferð upplýsinga um börn á netinu”, <https://www.menntamalaraduneyti.is/>.

¹¹⁹ „Viðmið um myndatökur og myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar”, <http://reykjavik.is/>.

¹²⁰ „Upplýsingar um börn í samfélagsmiðlum“, <https://barn.is/frettir/2015/06/>.

¹²¹ „Upplýsingar um börn í samfélagsmiðlum“, <https://barn.is/frettir/2015/06/>.

við lög, t.a.m. bvl., hgl. eða pvl.¹²² Í svarinu var áréttað að börn njóti sjálfstæðs réttar til friðhelgi einkalífs og að foreldrar megi því ekki birta myndir eða upplýsingar sem geta verið skaðlegar fyrir barnið.¹²³ Einnig er þar tekið fram að ekki sé rétt að birta viðkvæmar upplýsingar sem líklegt er að barnið kæri sig ekki um að séu á vitorði annarra.¹²⁴

Sem fyrr segir hafa engir dómur gengið, hvorki fyrir héraðsdómi né Hæstarétti, þar sem fjallað hefur verið um myndbirtingar eða birtingu upplýsinga um börn á samfélagsmiðlum. Höfundur telur sig því ekki geta nefnt þær reglur og sjónarmið sem dómstólar koma til með að leggja til grundvallar úrlausnar máls á borð við þau sem hér hafa verið til umfjöllunar en nógildandi löggjöf, og þær meginreglur sem búa löggjöfinni að baki, kunna þó að veita einhverjar vísbendingar. Líkt og áður segir má, að mati höfundar, hafa hliðsjón af þeim dómum sem hafa fallið um fullorðna einstaklingas á þessu sviði.

Að framan var vikið að hlutverki foreldra og þeirri staðreynd að þeir fara með lögformlegt fyrirvar barns, sbr. 5. mgr. 28. gr. bl. Það eru því foreldrar sem bera ábyrgð á því að tryggja réttindi barna sinna og koma fram fyrir þeirra hönd. Það er líklega ein helsta ástæða þess að engin mál hafa ratað til dómstóla landsins sem og sú staðreynd að börn þekkja jafnan ekki nægilega vel til eigin réttinda og stöðu. Að mati höfundar er því þörf á að setja skýrar reglur um birtingu mynda og upplýsinga um börn á samfélagsmiðlum og koma af stað vitundarvakningu í samfélaginu enda mikilvægt að við verndum þennan hóp einstaklinga sem alla jafna er viðkvæmari en fullorðnir einstaklingar.

6 Lokaorð

Í þessari ritgerð var fjallað um myndbirtingar og birtingu upplýsinga um börn á samfélagsmiðlum. Markmiðið með ritgerðinni var í fyrsta lagi að leitast við að svara því hver réttarstaða barna er þegar foreldrar eða aðrir greina frá einkamálefnum þeirra á samfélagsmiðlum. Í öðru lagi að leitast við að svara þeirri spurningu hvort friðhelgi einkalífs barna njóti nægilegrar verndar samkvæmt íslenskum lögum. Framangreind álitæfni voru skoðuð með tilliti til friðhelgi einkalífs barna, með hliðsjón af forsjá og hlutverki foreldra og að lokum með hliðsjón af tjáningarfrelsinu sem nýtur verndar 73. gr. stjkskr. Myndbirtingar og birting upplýsinga um börn á samfélagsmiðlum vekja upp ýmis álitæfni og af þeim sökum voru settar fram tvær spurningar í inngangskafnanum. Annars vegar hvort brotið er gegn réttindum barna þegar viðkvæm málefni þeirra eru birt á samfélagsmiðlum og hins vegar

¹²² „Umfjöllun á netinu”, <https://www.barn.is/spurt-er/>.

¹²³ „Umfjöllun á netinu”, <https://www.barn.is/spurt-er/>.

¹²⁴ „Umfjöllun á netinu”, <https://www.barn.is/spurt-er/>.

hvort yfirhöfuð sé heimilt að birta myndir af börnum eða upplýsingar um þau, án þeirra leyfis. Í ritgerðinni var síðan leitast við að varpa ljósi á þessi álitaeefni.

Með friðhelgi einkalífs er m.a. átt við rétt einstaklinga til að ráða yfir lífi sínu og líkama og til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi.¹²⁵ Samkvæmt Lögfræðiorðabók fellur undir hugtakið sá réttur að einkamálefni séu ekki gerð opinber.¹²⁶ Friðhelgi einkalífs nýtur verndar 71. gr. stjkskr., 8. gr. MSE og 17. gr. SBSR en í fyrstnefnda ákvæðinu segir að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Ákvæðið á því við um fullorðna einstaklinga og börn. Friðhelgi einkalífs barna er síðan sérstaklega vernduð í 16. gr. Barnasáttmálans sem lögfestur var með lögum nr. 19/2013 en í þeim samningi felst alþjóðleg viðurkenning á að börn séu viðkvæmur hópur einstaklinga sem þarfnist sérstakrar verndar.¹²⁷

Friðhelgi einkalífs barna kann að sæta takmörkunum vegna réttinda annarra í samræmi við 2. og 3. mgr. 71. gr. stjkskr. en skilyrðum þeirra lagagreina þarf þá að vera fullnægt. Rétturinn kann því að takmarkast af tjáningarfrelsi annarra og af forsjárskyldum og hlutverki foreldra enda eru þeir aðal umönnunar- og verndaraðilar barna. Þrátt fyrir að rétturinn til tjáningar sé stjórnarskrárvarinn geta menn ekki tjáð hugsanir sínar ábyrgðarlaust enda fylgir frelsi ávallt ábyrgð af einhverju tagi. Tjáningarfrelsi foreldra kann þannig að sæta takmörkunum vegna friðhelgi einkalífs barna þeirra. Mörkin þarna á milli eru afar vandmeðfarin og erfitt getur reynst að fara hinu réttu leið en ávallt verður að hafa í huga það sem er barninu fyrir bestu í samræmi við 3. og 18. gr. Barnasáttmálans. Álitaeefnið er því ekki hvort að foreldrar njóti réttar til að tjá sig í skilningi 73. gr. stjkskr. heldur fremur hvort myndefnið og upplýsingarnar um viðkomandi barn eigi á annað borð erindi til almennings án samþykkis barnsins sjálfs og hvort það sé barninu fyrir bestu að birta umrætt efni. Jafnvel þó samþykki barnsins liggja fyrir kann það að vera andstætt hagsmunum þess að birta efnið á alnetinu.

Þessi álitaeefni hafa einkum risið vegna örar þróunar samfélagsmiðla. Sífellt fleiri einstaklingar nota alnetið og þar með samfélagsmiðla daglega. Þar sem að engin lög hafa verið sett um notkun samfélagsmiðla, voru reglur og sjónarmið á sviði fjölmiðlaréttar skoðuð og reynt að draga ályktanir af þeim. Að þeirri rannsóknarvinnu lokinni lá ljóst fyrir að fjölmiðlar njóta ríks tjáningarfrelsis enda teljast þeir ein mikilvægasta upplýsingalind almennings og eru jafnframt helsti vettvangur fyrir umræður í samfélaginu. Fjölmiðlar eiga rétt á að veita almennungi upplýsingar sem eiga erindi til almennings og varða almannahag á einn eða annan hátt. Með hliðsjón af því mikilvæga lýðræðishlutverki sem fjölmiðlar hafa má

¹²⁵ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2099.

¹²⁶ *Lögfræðiorðabók*, bls. 147.

¹²⁷ „Hvað felst í Barnasáttmálanum?“, <https://www.barn.is/barnasattmalinn/>.

ætla að þeir njóti alla jafna ríkari réttar heldur en einstaklingar á samfélagsmiðlum þegar kemur að birtingu myndefnis og upplýsinga. Þar sem að engin lög gilda um samfélagsmiðla er þó ekki hægt að draga skýrar línur að þessu leyti. Hins vegar er hægt að líta til þeirra almennu viðmiðana sem settar hafa verið fram. Í leiðbeinandi reglum Barnaheilla segir t.a.m. að leitast skuli við að fá samþykki barna fyrir notkun mynda sem teknar hafa verið af þeim og í almennum viðmiðunum, settar af Heimili og skóli, SAFT og mennta- og menningarmálaráðuneytinu, segir að börn skuli aldrei sýnd á niðrandi eða óviðeigandi hátt. Miðað við það upplýsingaflæði sem fer fram á samfélagsmiðlum er, að mati höfundar, þörf á sérstakri löggjöf á þessu sviði og þá sérstaklega til verndar börnum sem hafa alla jafna ekki beinan aðgang að samfélagsmiðlum fyrr en þau hafa náð tilteknum aldri.

Foreldrar búa, stöðu sinnar vegna, yfir ýmsum persónulegum upplýsingum um börn sín sem aðrir hafa að jafnaði ekki aðgang að. Þeir verða, eins og aðrir, ávallt að hafa hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og huga að því að myndir og upplýsingar sem fara á alnetið verða almennt ekki fjarlægðar heldur verða þar til frambúðar. Forsjá þeirra á ekki því ekki að leiða til þess að réttur barnsins sé skertur enda felur hugtakið forsjá ekki í sér vald foreldra yfir barninu. Með hugtakinu er öðru fremur lögð áhersla á rétt og skyldur foreldra gagnvart börnum sínum og rétt barna til að njóta forsjár foreldra sinna.

Sem fyrr segir nýtur friðhelgi einkalífs barna verndar 71. gr. stjkskr. og 16. gr. Barnasáttmálans en hann hefur verið lögfestur hér á landi. Af lestri beggja ákvæða er ljóst að börn eiga að njóta friðhelgi einkalífs jafnt á við fullorðna einstaklinga. Þrátt fyrir það virðist réttur þeirra stundum fyrir borð borinn. Má því færa gild og góð rök fyrir því að þörf sé á lagabreytingum með það fyrir augum að auka réttindavernd barna og koma til móts við þennan hóp einstaklinga sem er að jafnaði viðkvæmari og berskjaldaðri en þeir fullorðnu. Þau lúta forsjá foreldra sinna til 18 ára aldurs og hafa oft lítið um það að segja hvaða myndir eða upplýsingar eru birt um þau á samfélagsmiðlum eða á öðrum vettvangi. Í ljósi þess er afar mikilvægt, að mati höfundar, að fólk sé upplýstari um þessi réttindi barna og læri að umgangast þau af virðingu, hvort sem það eru foreldrar, forsjáraðilar, ættingjar, vinir eða aðrir þeir sem umgangast börn. Með birtingu viðkvæmra upplýsinga um börn er, að mati höfundar, verið að brjóta á réttindum þeirra enda eiga þau að fá notið friðhelgi um eigin einkamálefni, hvort sem þau síðar kjósa að tjá sig um þau eða ekki. Meiri vafi er um hvort það sé yfirhöfuð heimilt að birta myndir af börnum eða upplýsingar um þau án þeirra leyfis, sem ekki teljast viðkvæm. Að mati höfundar ætti ávallt að ganga eftir samþykki barnsins áður en slíkt er gert nema barnið sé ófært um að tjá sig, þá er það undir foreldrunum komið að vega og meta hvort birtingin sé barninu til góðs. Fæstir fullorðnir einstaklingar vilja að birtar séu niðrandi eða

óviðeigandi myndir af þeim, t.d. þar sem þeir eru naktir, klæðalitlir, vansælir eða í öðrum erfiðum aðstæðum. Hvers vegna ættu börn að vera svo frábrugðin?

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

„Barnasáttmálinn”, <http://www.barnaheill.is/Umsamtokin> (skoðað 8. janúar 2016).

„Barnasáttmálinn á Íslandi”, <https://www.barn.is/barnasattmalinn> (skoðað 5. janúar 2016).

„Birting upplýsinga og myndefnis af börnum”, <http://www.heimilioskoli.is/fyrir-foreldra/> (skoðað 20. mars 2016).

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*. Reykjavík 2008.

Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*. Reykjavík 1995.

„Forsjá barns”, <https://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/barnalog> (skoðað 3. febrúar 2016).

Friðhelgi einkalífs. Umboðsmaður barna, Reykjavík 2003.

„Geta börn fengið upplýsingar um sig sjálf?”, <https://www.barn.is/spurt-er/> (skoðað 10. júlí 2016).

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. 2. útgáfa. Reykjavík 1999.

„Hvað eru samfélagsmiðlar og til hvers notum við þá?”, <http://menntamidja.is/blog/2014/09/22/>, 22. september 2014 (skoðað 10. mars 2016).

„Hvað felst í Barnasáttmálanum?”, <https://www.barn.is/barnasattmalinn> (skoðað 3. janúar 2016).

„Hvenær ráða börn sjálf?”, <https://www.barn.is/um-embattid/verkefni/> (skoðað 8. júlí 2016).

Hödd Vilhjálmsdóttir: „Foreldrar virði rétt barna sinna til friðhelgi einkalífs”, <http://www.visir.is/>, 7. nóvember 2013 (skoðað 10. mars 2016).

Hörður Einarsson: „Tjáningarfrelsi og skoðanafrelsi - Sérstaklega í umræðum um almenn málefni”. *Afmælisrit. Davíð Oddsson fimmtugur*. Ritnefnd Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Jón Steinar Gunnlaugsson og Þórarinn Eldjárn. Reykjavík 1998, bls. 485-503.

„Joint statement on Somalia’s ratification of the Convention on the Rights of the Child”, <http://www.unicef.org/> (skoðað 28. júlí 2016).

„Lýðræðislegar grundvallarreglur”, <http://fjolmidlanefnd.is/eftirlit/> (skoðað 16. mars 2016).

„Myndbirtingar”, <http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/>, 10. ágúst 2006 (skoðað 18. mars 2016).

„Myndbirtingar af börnum”, <http://www.barnaheill.is/Umsamtokin/Starfsreglur/>, 5. febrúar 2015 (skoðað 18. mars 2016).

Mörður Árnason (ritstj.): *Íslensk orðabók*. 4. útgáfa. Reykjavík 2007.

„Netnotkun”, <https://www.barn.is/malaflokkar/> (skoðað 18. mars 2016).

„Notkun ráðuneyta á samfélagsmiðlum”, <http://www.stjornarrad.is/raduneyti/vefir-stjornarradsins/> (skoðað 11. mars 2016).

Páll Sigurðsson (ritstj.): *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Reykjavík 2008.

Páll Sigurðsson: *Mannhelgi. Höfuðþættir almennrar persónuverndar*. Reykjavík 2010.

Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði I. Grundvöllur laga – Réttarheimildir*. 2. útgáfa. Reykjavík 2007.

Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík 2005.

Skýrsla stjórnlaganefndar 2011. 2. bindi. Stjórnlaganefnd, Reykjavík 2011.

„Um Barnasáttmálann”, <http://www.barnasattmali.is/> (skoðað 3. ágúst 2016).

„Um okkur”, <http://www.saft.is/um-okkur/> (skoðað 20. mars 2016).

„Umfjöllun á netinu”, <https://www.barn.is/spurt-er-/> (skoðað 16. mars 2016).

„Upplýsingar um börn í samfélagsmiðlum”, <https://barn.is/frettir/2015/06/>, 12. júní 2015 (skoðað 17. mars 2016).

„Viðmið um birtingu myndefnis og meðferð upplýsinga um börn á netinu”, <https://www.menntamalaraduneyti.is/>, 9. janúar 2014 (skoðað 20. mars 2016).

„Viðmið um myndatökur og myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar”, <http://reykjavik.is/>, vorið 2015 (skoðað 20. mars 2016).

Þóra Jónsdóttir: „Er rétt að tefla börnum fram í fjölmiðlum?”, <http://www.barnaheill.is/Frettir/Frettir2015/>, 16. maí 2015 (skoðað 16. mars 2016).

Þóra Jónsdóttir: „Er rétt að tefla börnum fram í fjölmiðlum?”, <http://www.visir.is/>, 16. maí 2015 (skoðað 16. mars 2016).

Þórhildur Líndal: „Barnasáttmálinn - Að mörgu að hyggja“. *Úlfjótur*, 1. tbl. 2011, bls. 73-98.

Þórhildur Líndal (ritstj.): *Barnasáttmálinn. Rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi*. Reykjavík 2007.